

Frumvarp til fjárlaga 2025

Lykiltölur lyfjaútgjalda og
raunstaða útgjalda í ár



Útgjöld til lyfja í frumvarpi til fjárlaga 2025: Stóra myndin er þessi...


Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 35.585,9 m.kr. og hækkar um 1.032,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 721,2 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um alls 354,8 m.kr. til að mæta auknum kostnaði í almennum lyfjum, leyfisskyldum lyfjum og hjálpartækjum vegna lýðfræðilegra þátta (öldrun og fjölgun þjóðarinnar).
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 357 m.kr. til að mæta veikleika í almennum lyfjum.
Fjárheimild málaflokksins er aukin um 321 m.kr. til að mæta kerfislægum vexti í kostnaði vegna leyfisskyldra lyfja.

Lyfjaútgjöld frá 2022, frumvarp 2025 og áætlun 2026 og 2027



- Allar tölur í milljónum króna.
- [Heimild: Fjármálaráðuneytið](#)

Raunstaða útgjalda í byrjun sept. 2024

Raunstaða lyfjaútgjalda er þessi:

Leyfisskyld lyf:

Fjárlög fyrir leyfisskyld lyf er 16.094 m.kr. fyrir þetta ár. Samkvæmt útkomuspá Landspítala stefnir kostnaður í 16.196 m.kr. þ.e. um **102 m.kr. fram yfir fjárlögin**

Almenn lyf:

Eftir fyrstu sex mánuði ársins var staðan 9.464 m.kr. og stefnir í 18.702 m.kr. á árinu skv. útkomuspá. Það er **964 m.kr. umfram fjárheimildir** en 213 m.kr. meira en grunnáætlun Sjúkratrygginga gerði ráð fyrir.



HELSTU TENGLAR:

[Frétt fjármálaráðuneytisins um fjárlagafrumvarpið](#)

[Fjárlagafrumvarpið í heild sinni](#)

[Fjárlagafrumvarpið í stuttu máli](#)

[Kynning ráðherra](#)

[Liðurinn Lyf og lækningavörur](#)

